

Mánudaginn 15. febrúar 1993.

Nr. 74/1993. **Ákærvaldið**

gegn

James Brian Grayson.

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Ákærði hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. febrúar 1993, sem barst réttinum 12. sama mánaðar. Ákærði krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og hann látinn laus án takmarkana. Til vara krefst hann þess, að hann verði látinn sæta farbanni samkvæmt 110. gr. laga nr. 19/1991. Til þrautavara krefst ákærði þess, að hann verði látinn laus gegn tryggingu samkvæmt 109. gr. nefndra laga.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Hinn 10. febrúar 1993 gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur ákærða og Donald Michael Feeney fyrir „sifskaparbrot og frelsis-sviptingu“, sem talin eru varða við 193. gr. og 226. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með bréfi sama dag fól ríkissaksóknari rannsóknarlögreglustjóra ríkisins sókn málsins í héraði, sbr. 1. mgr. 29. gr. laga nr. 19/1991. Ríkissaksóknari fer hins vegar með aðild máls þessa eftir útgáfu ákærunnar og á sókn þess hér fyrir dómi samkvæmt 141. gr. sömu laga, sbr. og 3. mgr. 29. gr.

Eins og fram kemur í dómi Hæstaréttar 3. febrúar 1993, hefur ákærða verið dæmt forræði dóttur sinnar og Ernu Eyjólfsdóttur af dómstóli í Flórída í Bandaríkjunum, en þeim dómi verður ekki framfylgt á Íslandi. Ákærði lýsti því yfir fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, að hann hygðist dveljast áfram hér á landi í því skyni að fá forræði dóttur sinnar með löglegum hætti fyrir íslenskum dómstólum.

Ákærði er í framangreindri ákæru borinn sökum, er varðað geta fangelsi allt að 16 árum eða ævilangt. Brýna nauðsyn ber því til þess, að návist ákærða, sem er bandarískur ríkisborgari og búsettur

þar í landi, verði tryggð, á meðan mál ákærvaldsins gegn honum verður til lykta leitt fyrir dómi. Eins og stöðu ákærða er háttað samkvæmt framansögðu, þykir þó nægilegt, að honum verði bönnuð för úr landi. Verður hinn kærði úrskurður því úr gildi felldur og lagt fyrir ákærða að hverfa eigi af landi brott þann tíma, er kröfugerð ákærvaldsins tekur til, sbr. 110. gr. laga nr. 19/1991. Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Ákærða, James Brian Grayson, er óheimil för frá Íslandi, þangað til dómur verður kveðinn upp í máli ákærvaldsins gegn honum, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 3. mars 1993 kl. 16.00.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. febrúar 1993.

Ákærvaldið hefur krafist þess, að James Brian Grayson, fæddum 15. apríl 1959, til heimilis í Bandaríkjum Norður-Ameríku, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, sem rennur út kl. 16.00 í dag, allt þar til að dómur gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 3. mars 1993 kl. 16.00.

Kærði er grunaður um brot gegn 193. og 226. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 með því að hafa numið telpurnar Elizabeth Jeanne Pittmann og Anne Nicole Grayson á brott með sér í heimildarleysi og með blekkingum frá hóteli hér í borg og svipt móður þeirra, Ernu Eyjólfsdóttur, sem þar svaf, umsjá þeirra, ekið með telpurnar til Keflavíkurflugvallar í því skyni að flytja þær báðar úr landi og koma þeim varanlega í umsjá fedra sinna.

Ríkissaksóknari hefur í dag gefið út ákæru á hendur kærða vegna grunar um brot gegn ofangreindum ákvæðum alm. hgl. nr. 19/1940.

Kærði sætir sterkum grun um brot, sem að lögum getur varðað hann allt að ævilöngu fangelsi. Braut ætlað athæfi kærða meðal annars í bága við lögsögu íslenskra stjórnvalda um forræði og umsjá barnanna. Verður að telja brot það, er kærði er grunaður um, svo alvarlegt, að nauðsynlegt sé með tilliti til almannahagsmuna, að kærði sæti áfram gæsluvarðhaldi.

Einnig er á það að líta, að kærði er bandarískur ríkisborgari, sem hvorki á heimili né fastan dvalarstað hér á landi. Hefur komið fram, að kærði kom hingað til lands í því skyni að eiga hér stutta viðdvöl, áður en hann héldi aftur til föðurlands síns. Kærði hefur viðurkennt að hafa leitað til

fyrirtækis í Bandaríkjunum, sem sérhæfi sig í ýmiss konar öryggismálum og taki meðal annars að sér að aðstoða bandaríska foreldra, sem fengið hafi forræði yfir börnum sínum, við að ná þeim til Bandaríkjanna. Kærði var handtekinn á Keflavíkurflugvelli, þar sem hann var á leið úr landi með dóttur sína. Allt þykir þetta gefa tilefni til þess að óttast það, að kærði muni reyna að komast úr landi í því skyni að komast undan málsókn, fari hann frjáls ferða sinna. Þykir áframhaldandi gæsluvarðhald kærða því einnig nauðsynlegt til að tryggja návist hans, er mál hans verður tekið fyrir á næstu vikum.

Af framansögðu verður krafa ákærvaldsins, að kærði sæti áfram gæsluvarðhaldi, tekin til greina, eins og hún er fram sett, með vísan til b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. 1. nr. 19/1991.

Úrskurðinn kvað upp Ragnheiður Bragadóttir, fulltrúi dómstjórans í Reykjavík.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, James Brian Grayson, sæti áfram gæsluvarðhaldi frá lokum gæsluvarðhalds þess, sem rennur út í dag, allt þar til að dómur gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 3. mars 1993 kl. 16.00.
